


## Umhverfismál - Grænt bókhald

Í október 2012 samþykkti framkvæmdastjórn nýja umhverfisstefnu Landspítala og starfsáætlun umhverfismála 2012-2013. Með grænu bókhaldi Landspítala er fylgst með uppfyllingu markmiða í starfsáætluninni og umhverfislegum ávinningi ýmissa umbótaverkefna sem unnið er að í starfseminni. Sjá nánar um umhverfismál á Landspítala hér: <http://www.landspitali.is/umhverfismal>


Grænt bókhald á Landspítala er efnisbókhald með tölulegum upplýsingum um hvernig umhverfismálum er háttað í starfseminni. Það gefur meðal annars yfirsýn yfir magn og kostnað vegna innkaupa á ýmsum rekstrarvörum og þjónustu og vísar þannig á tækifæri til að draga úr bæði umhverfisáhrifum og kostnaði. Jafnframt eru í græna bókhaldinu reiknaðar út ýmsar lykiltölur sem eru samanburðarhæfar og setja umhverfismálin í skýrara samhengi, svo sem endurvinnsluhlutfall, orkunotkun, pappírnotkun og kolefnisspor.

Hér má sjá ýmsar tölur úr græna bókhaldinu sem varpa ljósi á þau fjölþættu umhverfisáhrif sem starfsemi Landspítala hefur í för með sér. Þar sést einnig nokkur árangur af ýmsum umbótaverkefnum sem unnið hefur verið að.


### Magn úrgangs eftir flokkum árið 2013 (tonn)



### Hlutfall úrgangs (%) sem fór til urðunar, brennslu og endurvinnslu árin 2012 og 2013




### Pappírnotkun á Landspítala árin 2009 til 2013 (kg pappír/stöðugildi)



### Kolefnisspor Landspítala árið 2013 og 2012 (tonn CO<sub>2</sub> (CO<sub>2</sub> ígildi))

Kolefnisspor Landspítala er mælikvarði á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar. Í útreikningum er reiknað með helstu þáttum sem valda þessari losun, fyrir utan sjúkraflutninga og hluta vöruflutninga. Gróðurhúsalofttegundir eru misöflugar, til dæmis veldur eitt tonn af glaðlofti (N<sub>2</sub>O) 310 sinnum meiri gróðurhúsaáhrifum en koltvísýringur (CO<sub>2</sub>).



### Nokkrar lýsandi grænar lykiltölur:

- **Úrgangur** frá Landspítala árið 2013 var **3,2 tonn** á degi hverjum og 600 kg af því fór til endurvinnslu.
- Á árinu 2013 varð **þreföldun** á magni pappírs og pappa sem fór til **endurvinnslu** miðað við árið 2012. Auk þess jókst magn bylgjupappa til endurvinnslu um **18%**.
- **Rafmagnsnotkun** Landspítala árið 2013 var á við rafmagnsnotkun **4.035** heimila.
- **Heitt vatn** notað á Landspítala árið 2013 gæti fyllt **315** Laugardalslaugar.
- **Losun koltvísýrings (CO<sub>2</sub>)** vegna starfsemi Landspítala árið 2013 var 4.236 tonn sem er á við meðallosun **1.261** fólksbíla á ári.
- Árið 2013 voru sett **umhverfisskilyrði** í sex útboðum og þremur verðfyrirspurnum á vegum Landspítala.
- 90% af aðkeyptri **ræstingarþjónustu** fyrir reglulegar ræstingar á Landspítala árið 2013 var umhverfissvottuð.
- Árið 2013 voru notaðar á Landspítala 5,3 milljónir **pappírsarkir A4**. Það er 45% minna en árið 2009. Pappírinn er umhverfissvottaður.